



Fundargerð		
Yfirskrift / efni:	4. fundur stjórnar KLÍ 2014-2015	
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ	
Hvenær:	Fimmtudaginn 26. nóvember 2014 kl 17:30	
Pátttakendur:	Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) ÍR Jón Grímsson (JG) ÍR Theódóra Ólafsdóttir (TÓ) KFR Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) ÍR	Formaður Gjaldkeri Meðstjórnandi Ritari
Boðuð forföll:		
Fjarverandi:	Karenina Kristín Chiodo (KKC) ÍFH Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) ÍR Höskuldur Þór Höskuldsson (HÞH) KR	3. varamaður 2. varamaður Varaformaður
Fundarritari:	JÁJ	

Dagskrá fundar

Fundargerð	1
Staðfesting á fundargerð síðasta fundar	1
ECC2014 - Eftirmál og uppgjör	1
Landsliðsmál	2
Önnur mál	2
Verkefnalisti	2
Mál KR D sem mætti ekki til leiks í 3. umferð	2

Fundargerð

Staðfesting á fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fundar 3 og formannafundar 2 samþykktar án athugasemda.

ECC2014 - Eftirmál og uppgjör

PMP biður JG að fara yfir reikninga og útistandandi mál vegna ECC2014. JG er með innborganir og einnig reikninga sem á eftir að ganga frá. Sýnist að þetta sé á núlli en uppl. vantar frá ýmsum aðilum til að hægt sé að klára að bóka. Sýnist skv. reikningum að mótið komi réttum megin út við núllið.

PMP fer yfir fatnað sem eftir er vegna gjafa frá mótinu. Ráðstafa þarf þessu. TÓ leggur til að þessu verði ráðstafað á þá sem unnu hvað mest á mótinu.

Reikningar fyrir námskeið í 1. stigi keilubjálfunar hjá Juha. Eftir er að rukka félögin um þetta. PMP talar um að hann hafi sótt um styrk til menntunarsjóðs ÍSÍ og vænta má styrks þaðan.

Komið er inn á að beiðni hefur komið um að landsliðsþjálfarar fái dagpeninga vegna ECC2014. Full vinna var í raun hjá þeim og nálgust þau þetta eins og um önnur erlend mót sé að ræða. Svólítið skiptar skoðanir um þetta mál þar sem það var innanlands og því ekki alveg um sambærilegar aðstæður að ræða og ef mótið væri erlendis. Umræður spinnast um hvort að í raun

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

eigi bara að fara að tala um launað starf yfir höfuð. Ljóst er að einhver vinna þarf að fara í gang við að móta stefnu í því sé það krafan.

Landsliðsmál

Rætt um skipulag landsliðsmála almennt. Spurning hjá ÞMP hvort það sé réttara að auka þátttöku í mótum nær okkur heldur en að einblína á stór heimsmeistaramót sem eru haldin langt frá heimahögum. TÓ telur að eina raunhæfa viðmiðið sé að taka þátt í þessum heimsmeistaramótum þar sem öll önnur landslið Evrópu taka þátt.

Almennar umræður um mót og möguleika. Nefnt að flestum vanti keppnisreynslu og að skoða þurfi leiðir til að gefa keppendum kost á að auka hana.

Beiðni kom frá landsliðsnefnd hvort að þá fáiast stuðningur við aðstoðarmann fyrir mót í Hollandi þar sem afrekshópur ætlar að taka þátt í. Miðað við hvaða mót þetta er þá leggur TÓ til að landsliðsþjálfari fái styrk en að aðstoðarmaður sé ekki á kostnað KLÍ. Þetta mót er einstaklingsmót þar sem hver og einn sér um sig sjálfur.

Umræður um yngstu þátttakendurnar og umræður um að senda U18 í landsliðsverkefni. Almenn óánægja með þess háttar hugsun. Frekar að koma þessum aðilum inn í afrekshópana og leyfa þeim smátt og smátt að kynnast umhverfinu.

Önnur mál

Verkefnalisti

Verkefnalisti í Dropbox. Farið yfir verkefnalistann og merkt við það sem er lokið og einnig imprað á óloknum atriðum. Varðandi lista fyrir dómara þá þarf stjórn að senda á milli sín tillögum um tékklista. ÞMP ætlar að starta þeirri vinnu.

Varðandi skráningu skors þá er stjórn KLÍ á því að núverandi fyrirkomulag sé alveg að virka. Hannes í ÍR Broskörllum er öflugur að setja inn fréttir á Fésbókina svo að uppl. komast hratt til skila.

Mál KR D sem mætti ekki til leiks í 3. umferð

Rætt um atvik þar sem KR D mætti ekki til leiks í 3. umferð í 2. deild. Aganefnd fjallaði ekki um málið þar sem formaður sagði sig strax frá málinu og aðrir nefndarmenn svöruðu ekki. Erindi barst sannarlega nefndinni vegna málsins. Formaður nefndarinnar sá ekki til þess að málið fengi efnislega meðferð þó svo hann hafi sagt sig frá málinu svo að frestur hennar til að afgreiða málið rann út á dagsetningu. Skoðun stjórnar KLÍ er að KR D eigi samt sem áður að fá sekt eins og kveður á um í reglugerð, tvöföld brautarleiga, enda er ekkert í reglugerð sem segir að taka þurfi efnislega afstöðu til sektar. ÞMP sendir beiðni á Unni að senda út reikning vegna þess.

Fundi slitið kl 19:10